



BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR

Ársskýrsla 2013



Haldið á útihátíð, mynd úr safni Heimis Stígssonar

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Starfsemin.....	4
Starfsmenn safnsins.....	4
Helstu verkefni	4
Ráðstefnur, námskeið og fundir	4
Rekstur safnsins og dómsmál	5
Breytingar á nýtingu Rammans	5
Framkvæmdir í Ramma 2012-2013	5
Rekstur verkefnisins:	6
Slökkviliðsminjasafn Íslands	6
Efnisveitan:	6
Viðurkenningarferlið.....	7
Vatnsnes	7
Sýningar og miðlun	7
Víkingsheimar.....	7
Þorrinn	8
Sjómanna dagurinn í Duus og 17 júní.....	8
Á ljósanótt	8
Dagskrá í bíósal Duushúsa	8
Bókasafn	9
Gestafjöldi	9
Rannsóknir.....	9
Fornleifarannsókn í Vogu Höfnum, 2013.....	9
Rekstur fornleifarannsóknarinnar, 2013	9
Safnkosturinn.....	10
Munasafn.....	10
Myndasafn.....	11
Skjalasafn Reykjanesbæjar	12

Samantekt

Þrjú stór verkefni voru í gangi á árinu: Vefvæðing myndasafns, endurskipulagning Ramma og viðurkenningarferli Safnaráðs.

Vefvæðing myndasafnsins hófst árið 2012 með því að styrkur fékkst frá Menningarráði Suðurnesja og starfsmenn frá atvinnuátaki stjórnvalda. Var sett upp ferli allt frá vali á myndum til skönnunar, hvernig myndin var skönnuð, unnin og vistuð. Þá var útbúin vefgátt í safnið þar sem valinn hlutur þess er nú aðgengilegur almenningi til skoðunar og einnig til að panta myndir og gera athugasemdir. Gáttin var opnuð 17 október 2013 til minningar um Heimi Stígsson ljósmyndara sem hefði orðið 80 ára þann dag ef hann hefði lifað. Slóðin er: <http://myndasafn.rnb.is/fotoweb/>

Breytingar urðu á nýtingu Rammahúss bæði með því að flóamarkaður hætti rekstri og Latibær flutti geymslu sína í burtu. ÁSSÍ, sem er áhugahópur um sögu slökkviliða á Íslandi fékk salinn sem flóamarkaðurinn var í til að setja þar upp sýningu en hún var opnuð 13 apríl í tilefni eitt hundraða ára afmælis Brunavarna Suðurnesja. Plássið sem myndaðist við brotthvarf Latabæjar var nýtt fyrir almenna geymslu bæjarfélagsins og sett var á stofn Efnisveita með forgöngu leikskólans Holts í samvinnu við Byggðasafnið. Þá var jafnframt endurreiðað í húsið miðað við þarfir safnkosts en of mikið dagsljós var þar sem hann var áður. Jafnframt var keypt það sem á vantaði af hillubúnaði og fleira þannig að Safnamiðstöðin stendur nú vel undir því nafni að vera faglega rekin safngeymsla.

Með nýjum safnalögum sem tóku gildi 1. Janúar 2013 urðu söfn að sækja um formlega viðurkenningu til Safnaráðs. Ýmislegt þurfti að uppfylla í því ferli m.a. að gera neyðaráætlun sem ekki hafði verið útbúin fyrir söfn Reykjanesbæjar. Mikil vinna fór í að útbúa áætlunina ákveðið var að sú vinna yrði nýtt til að gera allsherjar stefnumörkun fyrir söfn og húsnæði þeirra í Reykjanesbæ en stefnt er að því að það verði gert á haustmánuðum 2014.

Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins.

Starfsmenn safnsins

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Fastráðnir starfsmenn voru: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Haraldur Haraldsson, safnvörður sem hóf störf 1 júlí, bæði í 100% starfi. Lausráðnir starfsmenn voru: Haraldur Haraldsson og Guðbjörn Friðbjörnsson, í gegnum átakið *Vinnandi vegur* og voru þeir báðir í 100% starfi. Guðbjörn til 1 febrúar en Haraldur út júní mánuð. Jóhann Björgúlfsson hóf störf 1. mars í gegnum verkefnið *liðsauki* og var hann í 6 mánuði í 100% starfi annars vegar sinnti hann Efnisveitunni og hins vegar ýmsum verkefnum. Þann 1 júní kom Gunnar I. Guðmundsson frá Liðsauka í 6 mánuði í 100% starfi, hans aðalverkefni var að aðstoða við endurskipulagningu í Ramma. Um sumarið voru ráðnar tvær stúlkur til að sinna Stekkjarkoti og skráningu ljósmyndasafns og fleira þær Erla Sýlvía Hauksdóttir og Sonia Duarte voru þær í 2 mánuði hvor í 100% starfi auk eftirvinnu. Heiðrún Þórðardóttir, fornleifafræðingur hóf störf 5.júní og var í 100% starfi í 2 mánuði. Hún aðstoðaði m.a. við fornleifafræðiverkefni safnsins í Höfnum, vann við myndasafnið og ýmis verkefni. Sveinn Enok Jóhannsson hóf störf 9 júlí og var í 100% starfi í tvo mánuði, hann vann við ýmis verkefni í Ramma. Heiðrún og Sveinn leystu af í Víkingaheimum og Duushúsum. Öll þessi fjögur komu inn í gegnum námsmannaátak. Eftirtaldir komu inn vegna atvinnuátaks sem er um 50% starfshlutfall: Kjartan Þorvaldsson kom 23 maí og var í mánuð, 1 október kom Friðrik Friðriksson og var út árið og einnig Linda Rós Autry sem kom inn mánuði seinna á sömu kjörum. Linda sinnir auk þess Efnisveitunni. Þá komu 5 stúlkur frá vinnuskólanum og unnu hér í eina viku þær voru: Birta Dís Jónsdóttir, Ásdís Rán Kristjánsdóttir, Gabriela Ósk Vignisdóttir, Alexandra Líf Árnadóttir og Una María Magnúsdóttir. Samtals voru því að störfum á árinu 17 einstaklingar.

Helstu verkefni

Helstu verkefni voru að skanna myndir og undirbúa þær fyrir vefinn, endurskipuleggja uppröðun í Ramma, sinna gestamóttöku í Stekkjarkoti, Duushúsum og Víkingaheimum, sinna Efnisveitunni, vinna upp ýmis smærri verkefni, s.s. frágang ýmissa gagna t.d. dúkkusafnið, þurrka ryk og aðstoða við ýmsa viðburði í Duushúsum.

Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Að venju sótti forstöðumaður vorfund safna á sviði þjóðminjavörslunnar og farskóla safnmanna. Forstöðumaður sótti alþjóðþing safnmanna í Rio de Janeiro í ágúst, tók þátt í stefnumótunarvinnu fyrir safnaráð og sat ráðstefnu Minjastofnunar Íslands, svo það helsta sé talið.

Rekstur safnsins og dómsmál

Rekstrarstaða safnsins í árslok 2013 var kr 51.530.229, styrkir: 5.183.036. Laun og launatengd gjöld: 14.266.271. Húsnæðiskostnaður: 23.564.466

Forstöðumaður ásamt framkvæmdarstjóra Menningarsviðs Reykjaneshæjar, mættu fyrir héraðsdómara vegna dómsmáls sem höfðað var gegn bænum vegna deilna um húsaleigugreiðslur til Gagnaveiturnar ehf en gerður hafði verið samningur um notkun húsi nr 868 á Ásbrú. Deilur spruttu upp túlkun á uppsögn á þeim samningi. Lyktir urðu þær að héraðsdómur dæmdi að tilboðið sem bærinn hafði lagt fram ætti að standa, mál þetta fór fyrir Hæstarétt sem tók undir niðurstöðu héraðsdóms. Kostnaður sem féll á safnið vegna þessa var 6.440.314 fyrir utan lögmanskostnað.

Breytingar á nýtingu Rammans.

Þegar flutt var inn í Ramman árið 2010 var gert ráð fyrir að Safnamiðstöðin fengi inni í einum þriðja hússins. En þannig háttaði til að einn þriðji hússins var aðgreindur með vegg en tveir þriðju voru eitt rými. Safnamiðstöðin fékk inni í stærra rýminu og var staðsett í miðju hússins. Hinn hluta þess rýmis hafði verið tekin frá fyrir Latabæ og voru ýmsar hugmyndir um uppbyggingu þar. Af því tilefni var töluvert af leikmyndum frá Latabæ flutt inn í húsið. Í þeim þriðjungum sem var aðgreindur var samningur við einstaklinga um að reka þar flóamarkað, *Skansinn*, auk þess var þar sýning um Norræna goðafræði sem flutt var hingað frá Hveragerði. Árið 2012 var goðfræðisýningin flutt í Víkingaheima og rekstur flóamarkaðarins var hætt. Þá var ákveðið að ganga til samninga við Áhugahóp um slökkviliðsminjasafn (ÁSSÍ) um að þeir tækju að sér að reka sýningasafn í þessum aðgreina hluta. Um vorið ákvað Latibær að láta flytja alla sína hluti úr Ramma og opnaðist þá fyrir nýja möguleika að nýta plássið.

Ákveðið var að hluti af rýminu yrði nýttur fyrir Reykjaneshæ sem almenn geymsla, einnig var ákveðið að verkefnið „Efnisveitan“ fengi hér aðstöðu. Bæði þessi verkefni eru samvinnuverkefni stofnana Reykjaneshæjar en starfsmenn hússins sjá um skipulag og umsjón. Töluvert reyndi á þennan þátt vegna tilflutninga og flutninga bæjarskrifstofanna í Tjarnargötu 12 og einnig vegna flutnings Bókasafns Reykjaneshæjar í ráðhúsið, en hluti af safnkosti þess rúmaðist ekki í nýjum húsakynnum að Tjarnargötu 12 og er því bókasafnið með útibú í Ramma.

Þá var einnig ákveðið að gera húsið hentugra fyrir safnkost annars vegar með því að flytja safnkostinn til þannig að sólarljós yrði sem minnst og einnig til að geta aðgreint varðveislu safnskots frá annarri starfsemi. Til þess að gera þessa vinnu sem skilvirkasta var ákveðið að kaupa hillur og fleira og er nú staða mála varðandi varðveislu safnskots orðin afar góð í Ramma. Þá var komið upp sérhæfðum umbúðalager.

Framkvæmdir í Ramma 2012-2013

Árið 2012 voru settar upp nýjar úti- og vörumóttökuhurðar í allt húsið, þakkantur var lagaður, útiljós sett upp, var þetta unnið af almennu viðhaldsfé bæjarins. Árið 2013 var bætt við innbrotsviðvörðunarkerfið þannig að sá þriðjungur sem er aðgreindur með vegg er nú inn á innbrotsviðvörðunarkerfi hússins. Gerð var gangskör í öryggismálum, keypt ljósskilti sem vísa á útganga og aðrar merkingar bættar. Vinnuaðstaða var útbúin við skjalageymsluna og er þar nú komið mjög gott rými. Keyptir voru starfsmannaskápar sem hægt er að læsa og þeir settir upp og sérstakt þvottaherbergi er nú til staðar.

Þá voru keyptar vörur til ljósmyndunar safnkosts og ákveðið að hafa fast rými í miðstöðinni til ljósmyndunar.

Rekstur verkefnisins:

Tekjur:

Styrkur frá safnasjóði kr. 1.600.000

Eigið framlag: kr. 2.367.913

Smt kr. 3.967.913

Gjöld:

Vinnuaðstaða kr. 210.038

Öryggismál kr. 302.587

Búnaður kr. 379.587

Hillur og rekkar kr. 2.438.043

Umbúðir kr. 637.658

Smt alls kr. 3.967.913

Slökkviliðsminjasafn Íslands

Þann 20 febrúar 2013 samþykkti Menningarráð Reykjanesbæjar á fundi sínum samstarfssamning milli Byggðasafns Reykjanesbæjar og Áhugahóps um sögu slökkviliða á Íslands (ÁSSÍ). Samningurinn felur m.a. í sér að hópurinn fær inn í Ramma með sýningu á merkjum minjum úr þessari sögu. Mikil vinna fór í gang til að gera húsið klárt og koma öllu fyrir og þann 13 apríl var safnið opnað með hátíðlegri athöfn en jafnframt var haldið upp á 100 ára afmæli Brunavarna Suðurnesja. Forvígismenn þessa verkefnis voru þeir Sigurður Lárus Fossberg Sigurðsson frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og heimamaðurinn Ingvar Georgsson frá Brunavörnum Suðurnesja. Stór hópur slökkviliðsmanna og annarra áhugamanna um þessa sögu tók þátt í að gera þennan draum að veruleika. Af þessu tilefni var ráðist í það verkefni að gera við og upp, slökkviliðsbíl sem var áður í eigu Brunavarna Suðurnesja en hafði verið afhentur Byggðasafni Reykjanesbæjar til varðveislu. Afar vel tókst til við viðgerðina og er bíllinn nú eitt aðaldjárn sýningarinnar í Ramma. Öll viðgerðarsagan var ljósmynduð og má sjá hana við bíllinn. Með þessu góða átaki jókst áhuginn verulega á að gera upp gamlar vélar og tæki og má sjá það í safninu. Ákveðið var að hafa sýninguna opna um helgar og stóð sú tímasetning fram á haustið. Félagsmenn unnu í sjálfboðavinnu við að taka á móti gestum. Alls komu 1816 gestir í heimsókn þar af um 300 nemendur. Á sýningunni er fjöldi hluta úr ýmissa eigu, m.a. frá starfandi slökkviliðum á landinu, úr einkaeigu og frá söfnum, auk gripa frá Byggðasafni Reykjanesbæjar sem eru bæði frá Brunavörnum Suðurnesja og slökkviliði Keflavíkflugvallar, þá eru gripir frá Þjóðminjasafni Íslands, Árbæjarsafni og Byggðasafni Hafnarfjarðar fengnir með millisafnaláni með forgöngu Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Efnisveitan:

Í samstarfi við leikskólann Holt í Innri-Njarðvík hefur verið sett á stofn efnisveita í Rammahúsinu. „Með efnisveitu er lögð áhersla á frumkvæði og nýja framsýna leið til

sköpunar nýrra hluta. Með nýtingu afgangshluta er stuðlað að nýjum tækifærum til samskipta og virkjunar sköpunargáfu með það að leiðarljósi að virða umhverfi, mannfólk og hluti. Þessi hugmyndafræði byggir á þeirri grundvallarsýn að með samvirkni menningar og lista, skóla og frumkvöðla sé mögulegt að finna afgangshlutum nýja notkun og merkingu og breyta þeim í auðlind. Nokkrir leik- og grunnskólar í Reykjanesbæ hafa fengið Grænfánann sem er tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Með aðgangi að efnisveitu verður enn frekar ýtt undir umhverfismennt og fjölbreyttari námsleiðir barna þar sem efniviðurinn er fjölbreyttur og nýtanlegur í námi og leik á áhugaverðan hátt. Síðast en ekki síst er þetta leið að umhverfsvænna samfélagi. Framsýn leið til að efla samfélagsvitund okkar allra með góðri samvinnu heimila, skóla og fyrirtækja.“ (*af vefsíðu leikskólans Holts*).

Samstarfið um efnisveituna felur það í sér að svæði er afmarkað í Ramma þar sem komið er fyrir hillum, borðum og fleira þannig að auðvelt sé að flokka það sem kemur inn og gera þannig nemendum og kennurum auðvelt fyrir að finna efnivið. Leikskólinn Holt, stýrir verkefninu, sér um að auglýsa upp verkefnið og laða bæði þá sem vilja gefa til veitunnar og þá sem vilja nýta sér hana, gerðir hafa verið samningar við vinnumálayfirvöld og fengið starfsmenn til að sinna verkefninu í Ramma. Byggðasafnið hefur tekið á móti efnivið og vísað hópum að svæðinu, aðstoðað við tilfærslur á efniviðnum og útvegar hillur, öskjur og önnur húsgögn. Einnig hefur starfsmenn efnisveitunnar unnið verkefni fyrir safnið ef ekki eru næg verkefni í veitunni.

Viðurkenningarferlið

Í safnalögum sem tóku gildi 1 janúar 2013 er kveðið á um að þau söfn sem vilja geta sótt um styrki til Safnasjóðs verði að sækja formlega um viðurkenningu. Ýmis ákvæði voru sett fram sem hvert safn þurfti að uppfylla, t.d. varðandi stofnskrá safnsins, skráningu safnkosts og að söfn hefðu neyðaráætlun. Byggðasafnið uppfyllti nánast öll skilyrði nema er varðar neyðaráætlun. Því var ráðist í það verkefni að gera neyðaráætlun fyrir öll þau hús sem safnið hefur safngripi í, var hún unninn í samvinnu við aðra á menningarsviði og með aðstoð umhverfis- og skipulagssviðs. Í þessu ferli varð til þekking á því hver staða þessara mála var og var ákveðið að leggja áherslu á að efla þennan þátt og tengja hann við fyrirhugaða stefnumótun safnsins á árinu 2014.

Vatnsnes

Að venju var Vatnsneshúsið leigt út til listamanna og handverksfólks. Á árinu 2012 leigðu aðstöðu í húsinu: Hildur Harðardóttir, Arnbjörn Barbato, Halla Harðardóttir Bjarnveig Björnsdóttir, Vera Ósk Steinsen, Ólafur Ingi Brandsson, Marta Haraldsdóttir og Svanfríður Sverrisdóttir, í mislangan tíma.

Sýningar og miðlun

Víkingsheimar

Tekið var á móti nemendahópum víðsvegar að og hafin vinna við gerð fræðsluefnis en ákveðið hafði verið að kaupa vinnu við hönnun þeirra og síðar prentun.

Porrinn

Porrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru afhendar 3 leikskólum Reykjanesbæjar til láns í einn sólarhring hver. Þá gátu leikskólar fengið lykil að Stekkjarkoti í viku í senn og nýttu 5 leikskólar sér það.

Sjómanna dagurinn í Duus og 17 júní

Tekið var þátt í dagskrá á sjómanna dag og veitt aðstoð vegna fjallkonunnar.

Á ljósanótt

Unnar voru upp myndir frá svæðinu í kringum Duushúsin í tilefni þess að 1 hæð bryggjuhúss var opnuð yfir hátíðarnar. Myndir þessar voru valdar í samvinnu við Oddgeir Karlsson, ljósmyndara og sá hann um að vinna myndirnar, prenta þær og ramma inn. Myndasýrpur með bæjarlífsmyndum voru sýndar á tveim skjáum en keypt var sjónvarp sem hægt er að nota sem stóran veggskjá fyrir svona sýningar.

Dagskrá í bíósal Duushúsa

Greiningarsýning frá Þjóðminjasafni Íslands var opnuð 2. mars og stóð hún til 7 apríl með myndum eftir Þorsteinn Jósefsson (1907-1967). Hann var kunnur ljósmyndari, blaðamaður og rithöfundur. Þorsteinn ferðaðist vítt og breitt um landið og tók myndir. Hann safnaði og gaf út bækur og ritaði fjölda greina í innlend og erlend tímarit, ekki síst í árbækur Ferðafélags Íslands. Þorsteinn var mjög frambærilegur ljósmyndari og myndir hans birtust í bókum á borð við Ísland í myndum og Landið þitt. Ljósmyndir Þorsteins hafa mikið heimildargildi vegna þess hversu yfirgripsmikil og margþætt skráning hans á landi og lífsháttum var. Sýningar á ljósmyndum Þorsteins hafa farið víða um landið en sýndar eru myndir sem tengjast hverjum stað. Í Duushúsum var athyglinni beint að Gullbringusýslu, þar má finna margar áhugaverðar ljósmyndir einkum loftmyndir. Á tjaldi voru einnig sýndar ljósmyndir frá Byggðasafni Reykjanesbæjar.

Þann 17. október hefði Heimir Stígsson ljósmyndari orðið 80 ára ef hann hefði lifað. Af því tilfeni var sett upp yfirlitssýning á ljósmyndum hans. Þetta var samstarfsverkefni sem safnið vann með Oddgeir Karlssyni og Sólveigu Þórðardóttur, ljósmyndurum. Valdar voru um 500 myndir og af þeim voru prentaðar út nokkrir tugir sem skipt var upp í nokkur þemu. Þá voru allar myndirnar sem valdar voru sýndar á tveim tölvuskjáum og gestum gafst einnig kostur á að sjá myndirnar á breiðtjaldi um helgar og svo á tölvuskjáum við afgreiðslu.

Af þessu tilefni var ákveðið að opna vefgátt að Myndasafni Reykjanesbæjar en þar eru m.a. innskannaðar myndir frá safni Heimis. Þó nokkrir hafa nýtt sér það að skoða myndir og töluvert hefur borist af athugasemdum 118 athugasemdir höfðu borist fyrir áramótin.

Þann 7 desember voru sýndar hreyfimyndir sem safninu hafði borist fyrr um árið frá Jónatan Ingimarssyni og fjölskyldu þar sem sjá mátti m.a. torfærukeppnir.

Bókasafn

Færri sýningar voru í bókasafninu á þessu ári enda miklir flutningar í gangi. En sett var t.d. upp sýning um „hraun“ það er skreyti á leirmunum og um jólin var dregið fram jólaskraut og ýmislegt sem tengist jóluunum.

Gestafjöldi

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 34.684, í Víkingaheimum 20.803 og í Stekkjarkot komu 552 manns. Heildarfjöldi þeirra gesta sem taldir voru inn í hús þar sem byggðasafnið var með sýningar árið 2013 var: 56.039.

Rannsóknir

Fornleifarannsókn í Vogu Höfnum, 2013

Fjórdi áfangi rannsókna hófst 18. júní og stóð til 1 júlí. Það var Fornleifafræðistofan undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, sem stjórnaði rannsókninni. Á vegum fornleifafræðistofunnar komu 8 manns og einn kom frá Byggðasafni Reykjanesbæjar, mismunandi var hvað hver starfaði mikið.

Í þessum áfanga var lögð áhersla á að fara yfir allt svæðið til að kanna hvort fleiri mannvistarleifar kæmu í ljós og einnig átti eftir að klára nokkur atriði.

Eitt af meginmarkmiðum þessarar rannsóknar var að fá það á hreint hvort askan sem kölluð hefur verið „landnámslagið“ og féll á tímabilinu 869-873, finnst í skálanum. Eldfjalla-sérfræðingur kom í heimsókn og skoðaði rústirnar og fyrstu niðurstöður hans eru að þessi aska sé ekki að finna í vestari hluta skálans en hins vegar er hún líklega í eystri hluta hans. Tilgáta Bjarna er að vestari hluti skálans hafi verið kominn upp fyrir eldgosíð en eftir gosíð hafi skálinn verið stækkaður til austurs. Hann hefur sent sýni til rannsóknar sem gætu skorið úr um hvort tilgáta hans reynist rétt.

Fyrirhugað var að þessi áfangi yrði lokaáfangi fornleifarannsókna en á síðasta deginum kom í ljós að hús númer 3 er flóknari bygging en talið hafði verið. Húsið er mikið niðurgrafið og gæti verið jarðhýsi. Þar sem þetta kom fram svo seint gátu þau ekki klárað rannsóknina og verða því að mæta aftur að ári. Einnig þarf að endurmeta niðurstöður jarðsjármælinga sem gerðar voru árið 2003 miðað við þessar niðurstöður. Það er ekki hægt að útiloka að annað hús eins og hús númer 3 kunni að leynast skammt hjá húsi númer 3.

Þar sem rannsóknin hófst um miðjan júní þá var ekki hægt að bjóða nemendum grunnskólans að fylgjast með líkt og gert hafði verið áður en öllum fimmta bekk grunnskóla Reykjanesbæjar var hins vegar boðið í heimsókn í Víkingaheima þar sem er m.a. sýning um rannsóknirnar.

Rekstur fornleifarannsóknarinnar, 2013

Gjöld	
Vinna á svæðinu	kr 546.045
Fæði	kr 101.810
Forvarsla	kr 252.495
Smt	kr. 900.350

Allur þessi kostnaður féll á Byggðasafnið en Fornleifafræðistofan fékk styrk úr Fornleifasjóði fyrir sínu vinnuframlagi og gisting var að venju í boði Sóknarnefndar Kirkjuvogskirkju.

Mikilvægt er að ljúka fornleifarannsóknunum næstra vor og vinna náið með Fornleifafræðistofunni um frágang svæðisins þannig að almenningur geti notið þess að skoða rústavæðið. Gera þarf stíga, setja upp skilti og huga að bílastæðamálum. Það er einnig mikilvægt að gefa út bók um rannsóknina, sem yrði hugsuð fyrir almenning og ferðamenn. Sú hugmynd hefur verið kynnt að Reykjanesbær skilgreini svæðið sem almenningsgarð, yrði það verðug afmælisgjöf á 20 ára afmæli bæjarins árið 2014

Safnkosturinn

Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnscrá við áramót eru 12.297 og er það fjölgun um 485 frá síðustu áramótum. Þar af voru 28 færslur vegna aðfanga tengdar bátasýningu Gríms Karlssonar. Þá voru 48 færslur vegna Poppminjasafns. Ákvörðun var tekinum að skrá í safnscrá „gjafir til bæjarins“ og voru það alls 52 færslur. Samtals eru það 128 færslur þá voru nýskráningar í munasafn 347 færslur, úr fórum safnsins voru 85 færslur en 3 færslur voru felldar út vegna tvískráningar

Yfirlit yfir gefendur til munasafnsins, eins og skráðir í safnbók árið 2013.

3 færslur voru afskráðar í safnscránni þar sem um tvískráningu var að ræða

52 færslur vegna gjafa til bæjarins

1 færsla glataði upprunasögu sinni

Ný aðföng

Ásbjörn Eggertsson, heimilishlutir, 2 færslur

Ásgeir Jónsson, rafmagnstæki frá Aðalsteini Gíslasyni, 32 færslur

Björgunarsveitin Stakkur, úr félagstarfinu, 1 færsla

Björn Ragnarsson, heimilishlutir, 2 færslur

Bókasafn Keflavíkur, úr starfseminni, 5 færslur

Bryndís Guðmundsdóttir, tengt talmeinafræði, 2 færslur

Duushús, ýmislegt tengt starfsemi húsanna, 6 færslur

Guðjón Þórhallsson, rafmagnstæki, 1 færsla

Guðlaugur Ágúst Elísson, ýmislegt, 2 færslur

Guðrún Birna Guðmundsdóttir, heimilishlutir, 9 færslur

Guðrún M. Sigurbergisdóttir, heimilishlutir, 2 færslur

Gunnar Ingi Guðmundsson, heimilishlutir, 2 færslur

Haraldur Á Haraldsson, heimilishlutir, 1 færsla

Helga Ingólfssdóttir, medalíur, fatnaður ofl, 65 færslur

Hilmar Jónsson, frá starfsemi stúkunnar, 25 færslur

Jónatan Garðarsson, fyrir poppminjasafn Íslands, 48 færslur

Jóna Kristín Kristjánsdóttir, heimilishlutir, 1 færsla

Kalka, heimilishlutir, 4 færslur

Kristján Nielsen, sjóminjar, 1 færsla

Kvenfélag Njarðvíkur, tengt félagsstarfinu, 6 færslur
Reykjanesbær, aðallega tengt Sparisjóðnum í Keflavík, 51 færsla
Robert Eugene Benitez, af heimili Þórðar Kristinssonar og Vilborgar Guðnadóttur, 6 færslur
Sigfríð Rögnvaldsdóttir, heimilishlutir, 6 færslur
Snorri S. Skúlason, aðallega tengt ljósmyndataækjum, 15 færslur
Tómas Knútsson, frá Sparisjóðnum í Keflavík, Snjóruðningsdeild Keflavíkurflugvallar og Val Skowronski, 24 færslur.
Valur Guðmundsson, trésmíðaáhöld úr eigu Helga Magnússonar, 23 færslur
Vilhjálmur Þórhallsson, heimilishlutir 2 færslur
Þóroddur Vilhjálmsson, árabátur var kominn nokkru áður, 1 færsla
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, tengt starfsemi Varnarliðs, 1 færsla.

Smt. 347 færslur

Úr fórum safnsins voru gripir frá eftirfarandi skráðir:

Alma V Sverrisdóttir úr búi Stefáns Egilssonar, 1 færsla
Áhugahópur um bátasafn Gríms Karlssonar, bátalíkon , 28 færslur
Bræðurnir Jón og Ólafur Guðmundssynir frá foreldrum sínum, heimilishlutir 4 færslur
Tómas Knútsson, m.a. frá Essó, 13 færsla
Olav Olsen, tengist vélsmiðju Olsens, 1 færsla
Sambíóin, tengist rekstri þeirra, 1 færsla
Hólmar Magnússon, leirtau frá matstofunni Vík, 2 færslur
Ólafur Björnsson, bátalíkan 1 færsla
Alma Sverrisdóttir, heimilishlutir, 1 færsla
Skansinn, heimilshlutir, 1 færsla
Jenny Olsen, heimilishlutir 1 færsla
Johan D Jónsson, frá Varnarliðinu 1 færsla
Duushús, er varðar starfsemi húsanna, 7 færslur
Keflavíkurkirkja, úr kirkjustarfinu 1 færsla
Án gefenda 23 færslur

Smt. 86 færslur

Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú meginöfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðni úr söfnunum. Mikið hefur áunnist í innskönnun mynda þetta árið.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 39.291 myndir. Þá hafa 737 færslur bæst við frá fyrra ári að öllu leyti úr fórum safnsins. Haldið var áfram við skönnun mynda og um áramót var búið að skanna inn 20.957 myndir þar af voru 12.474 myndir skannaðar inn á árinu. Af þessum eru 8.332 myndir nú aðgengilegar almenningi á vefnum. Þessi vinna var unnin undir leiðsögn Oddgeirs Karlssonar, ljósmyndara, en hann skipulagði skönnunina og mótaði reglur

um skilgreiningar í skönnuninni. Á árinu hafa verið settar í umbúðir og staðsettar 4.279 myndir: Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 47.163 tölur. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn valdar myndir. Innskönnun er hafin og eru nú skráðar 6.199 myndir úr safninu, að hluta eru þetta heilar tölur auk stakra mynda. Aðgengilegar á vefnum eru 3.369 myndir.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar filmur frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi. Garðar Arnarsson kom til að vinna upp gögn varðandi heimildamynd sem hann var að vinna að. Eins og áður hefur komið fram bættist við í safnið hreyfimyndir frá Jónatan Ingimarssyni og fjölskyldu.

Skjalasafn Reykjanesbæjar

Gegnið var frá öllum skjalaöskjum sem bárust frá ráðhúsinu. Fundað var um framtíð skjalasafnsins og mögulega stofnun héraðsskjalasafns. Greinargerð skilað til Menningarráðs.

Reykjanesbæ 14.03.2014

Sigrún Ásta Jónsdóttir